



VAÐFITJANÁMA EFNISTAKA

Matsskyldufyrirspurn

21.10.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

112349-SKY-001-V04

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/24

Click or tap here to enter text.

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

AJ

LYKILORÐ

Tilkynning, matsskylda, mat á umhverfisáhrifum, efnistaka.

STADA SKÝRSLU

- ☐ Drög
- ☐ Drög til yfirlstrar
- ☒ Lokið

DREIFING

- ☒ Opin
- ☐ Dreifing með leyfi verkkaupa
- ☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Vaðfitjanáma efnistaka – Fyrirspurn um matsskyldu

VERKHEITI

Vaðfitjanáma efnistaka – Fyrirspurn um matsskyldu

HÖFUNDUR

BRE

ÚTDRÁTTUR

Landsvirkjun fyrirhugar 80.000 m³ efnistöku á um 11 ha svæði. Svæðið er innan Þjóðlendu, Landmannaafréttar (L229508) og skilgreindrar iðnaðarlóðar, Vaðalda vindorkuver L238022. Framkvæmdin er til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, þar sem reknar eru vatnsaflsvirkjanir og vindorkuver auk fyrirhugaðra framkvæmda við vindorkuvers við Vaðöldu.

Framkvæmd þessi er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 2.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr. 111/2021.

Framkvæmdaraðili óskar hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin sé matsskyld.

EFNISYFIRLIT


2.1	Helstu upplýsingar um framkvæmdina	6
2.2	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	7
2.3	Staðsetning og staðhættir	7
2.4	Helstu framkvæmdaþættir	8
2.5	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	9
2.5.1	Aðalskipulag	9
2.6	Deiliskipulag	11
2.7	Þjóðlenda	12
2.8	Leyfi sem framkvæmdin er háð	13
3.1	Matsskylda framkvæmdar	14
3.2	Umhverfisþættir	15
3.3	Vistgerðir	16
3.4	Verndarsvæði	17
3.5	Jarðmyndanir	17
3.6	Fornminjar	18
3.7	Ásýnd og landslag	18
3.8	Ferðaþjónusta og samgöngur	19
3.9	Vatnshlot og vatnalíf	20
3.10	Samlegðaráhrif	22

1 INNGANGUR

Landsvirkjun áætlar efnistöku úr nýju efnistökusvæði *Vaðfitjanámu* í Rangárbíngi ytra. Um er að ræða 80.000 m³ af efni, á um 11 ha svæði á Þjórsáreyrum, austan við Þjórsá og sunnan Sultartangalóns, skammt frá vindorkuverinu sem nefnt er Vaðölduver. Svæðið er á Þjóðlendu (L229508), þ.e. óbyggðu svæði í eigu íslenska ríkisins og er að hluta til innan nýstofnaðrar lóðar, Vaðalda vindorkuver (L238022).

Samhliða matsfyrirspurn er unnið að breytingu á Aðalskipulagi Rangárbíngs ytra 2016-2028 og gerð verður breyting á deiliskipulagi Vaðölduvers.

Í þessari matsskyldufyrirspurn verður farið yfir helstu þætti sem snúa að efnistökkunni og mögulegum áhrifum hennar á umhverfið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Óskar Landsvirkjun hér með eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.




Mynd 1 Staðsetning efnistökusvæðis.

2 FRAMKVÆMDIN OG FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

2.1 Helstu upplýsingar um framkvæmdina

Um er að ræða efnistöku á vegum Landsvirkjunar á Þjórsáreyrum, á milli Sultartangalóns og Vaðölduvers, skammt austan marka Rangárþings ytra við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Fyrirhugað efnistökusvæði er að stórum hluta innan skipulagssvæðis vindorkuversins – Vaðölduvers, sem áður hafði vinnuheitið Búrfellslundur. Fyrirhugað er að nýta allt að 80.000 m³ af efni á um 11 ha svæði. Framkvæmdarsvæðið er raskað vegna eldri framkvæmda við gerð vegar og brúar, auk virkjanaframkvæmda við Sultartangasvæðis og er innan framkvæmdasvæðis Vaðölduvers.



Mynd 2 Staðsetning efnistökusvæðis við Þjórsá.

2.2 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdaraðili er Landsvirkjun. Tilgangur framkvæmdar er að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu, þar sem reknar eru vatnsaflsvirkjanir og fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna vindorkuvers við Vaðöldu. Fyrirhuguð efnistaka kemur til með að veita Landsvirkjun meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda, þar á meðal við Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og Búrfell. Markmiðið er að afla jarðfna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmda þætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. sandur í fyllingarefni með rafstrengjum. Með efnistöku í Vaðfitjanámu er leitast eftir að betur nýta svæðið sem nú þegar er á áhrifasvæði framkvæmda, stytta vegalengdir undir flutninga á jarðfni og draga úr þörfinni á að ný lítt raskað svæði verði tekin undir efnistöku, m.a. vegna framkvæmda Landsvirkjunar.

2.3 Staðsetning og staðhættir

Efnistökusvæðið er um 11 ha að stærð og liggur austan Þjórsár, sem markar sveitarfélagsmörk Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Svæðið er staðsett fjarri byggð en á aðliggjandi og nálægðum svæðum er mikil iðnaðarstarfsemi í formi orkuvinnslu; Sultartangastöð, Búrfellsstöð og Búðarhálsstöð, tvær vindmyllur á Hafinu og Vaðölduver sem er í uppbyggingu. Auk þess mikil samgöngu- og flutningsmannvirki, vegir, háspennulínur auk breyttra vatnsfarvega, lóna og stíflumannvirka. Svæðið er rétt norðan Þjórsárdalsveggar (32) sem er skilgreindur sem stofnvegur skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Skoðað verður með öruggustu aðkomu að svæðinu í samráði við Vegagerðina.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðina eyðihraunavist á svæðinu. Talið er að svæðið hafi verið a.m.k. að hluta til mun betur gróið en gróðurþekja rofnað m.a. vegna gosvirkni Heklu og álags og er svæðið innan svonefndra Hekluskóga þar sem stefnt er að endurheimt birkiskóga í ofanverði Landssveit, á svæðum sem áður voru talin skógi vaxin.

Framkvæmdarsvæðið er innan svæðis þar sem er forsögulegt hraun úr Bárðarbungu og er aðliggjandi við Vaðfit sem eru gervígígar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Svæðið er í um 265 m hæð yfir sjávarmáli og er á gróðurlitlum áreyrum, í um 50 m fjarlægð frá Þjórsá. Efnistaka mun fara fram innan varnargarðs sem liggur meðfram ánni (sjá mynd 1). Svæðið hefur þegar verið skoðað, m.a. út frá verndargildi gervígíga í tengslum við umhverfismat Búrfellslundar (nú Vaðölduvers).

Framkvæmdasvæðið er á vestur jaðri þess sem kallað er Suðurlandsgosbeltið sem er jarðfræðilega virkt svæði. Þar eru möguleg áhrif af eldvirkni eða hraunflæði, öskufalli og jarðskjálftum. Einnig eru möguleg áhrif af flóðum í Þjórsá.

2.4 Helstu framkvæmdaþættir

Áætlað er að efnisvinnsla verði að mestu á uppbyggingartíma vindorkuversins og efni verði nýtt í tengslum við það. Megin aðkoma inn að námunni verður af iðnaðarsvæði Vaðölduvers. Efni verður flutt inn á framkvæmdasvæði Vaðölduvers til notkunar eða um vinnuvegi út á Þjórsárdalsveg, þar sem það verður nýtt í nálægð við efnistökusvæðið. Efsta lagi, sem ekki nýtist, verður ýtt til hliðar og nýtt síðar við frágang svæðis. Sá gróður og lífrænn jarðvegur sem fyrir er, er rýr. Nýtanlegt efnislag er fremur þunnt, eða um 3m en kann að vera þykkara á afmörkuðum svæðum. Efni verður mokað og/eða ýtt upp í vinnsluhauga og eftir atvikum sigtað eða mulið til að það henti betur til notkunar. Stærsti hluti efnis verður unnið á framkvæmdartíma Vaðölduvers en eftir atvikum kemur hún til með að halda áfram verði efni til staðar sem nýtist í aðrar framkvæmdir. Efnisflutningar verða að minnsta kosti að hluta til beint inn á framkvæmdasvæðið og fara ekki inn á þjóðveg. Nánari útfærsla á efnisflutning liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Eftir því sem hægt er verður svæðum lokað þegar vinnsla lýkur og/eða nýtanlegt efni þrýtur. Raskað svæði verður jafnað og aðlagð að nálægu landi. Fyrir liggur að svæðið er innan Hekluslúðarguverkefnis og haft verður samráð við Land og Skóg um frágang, hvort plantað verði birki og víði í frágengin svæði jafnóðum eða bara sáð í þau. Efnistökusvæðið verður nýtt á uppbyggingartíma Vaðölduvers. Við lok framkvæmda verður metið, í samráði við sveitarfélag og eftir atvikum aðra aðila hvort það verði nýtt áfram til efnistöku. Þó verður ávallt leitast við að ganga jafnóðum frá fullunnum svæðum og taka ekki stærra svæði til nýtingar, en þörf er á. Efnistökusvæðinu er skipt upp í þrjú svæði m.t.t. þykkt efnis og mögulegri vinnslu. Ekki liggur fyrir hvernig áfangaskiptingu verði háttáð.



Mynd 3 Fyrirhuguð afmörkun efnistökusvæðis Vaðfitjanámu.

2.5 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

2.5.1 Aðalskipulag

Unnið er að breytingu aðalskipulags þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistökusvæði. Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi sem óbyggð svæði og er í jaðri l23 iðnaðarsvæðis, en einnig í nálægð við Skógræktar- og landgræðslusvæði SL26 og Hverfisvernd HV13. Eftirfarandi skilmálar gilda um landnotkunarflokkanna í aðalskipulagi Rangárþings ytra:

Í kafla 2.3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði** í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, þ.e.a.s. friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúru- og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

Í kafla 2.4.1 **Óbyggð svæði** segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Hálendissvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibygðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um óbyggð svæði:

- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.

Í kafla 2.3.7 **Iðnaðarsvæði** er eftirfarandi stefna:

- Skapa ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðslu- og matvælaíðnað samhliða því að styrkja þá starfsemi sem fyrir er.
- Unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu. Samvinna verði áfram við nágrannasveitarfélög í sorpmálum.

- Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.
- Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Rannsóknir á jarðhita og annarri orkunýtingu verði eflidar.
- Heimiluð er bygging vindrafstöðva allt að 100 m hárra, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

IÐNAÐARSVÆÐI

NR	HEITI	LÝSING	JARÐIR
125	Búrfellslundur	Vindorkuver, vinnsla allt að 120 MW, að hámarki 30 vindmyllur. Hámarks turnhæð getur verið allt að 95 m og hámarkshæð vindmyllu með spaða í hæstu stöðu getur verið allt að 150 m. Við hönnun og útfærslu skal leitast við að hafa vegi og plön ekki umfangsmeiri en nauðsyn krefur og liggja sem mest á gróðurlitlum svæðum. Nýta skal svarðlag í frágang þar sem raska þarf gróðri. Efni til vega- og mannvirkjagerðar verður tekið úr skilgreindum námusvæðum í nágrenninu sem eru á aðalskipulagi. Einnig verður efni úr uppgreftri innan iðnaðarsvæðis nýtt. Innan svæðis er heimilt að setja upp steypustöð, geymslusvæði, starfsmannaaðstöðu og aðstöðu verktaka vegna uppsetningar og síðar viðhalds og niðurrifs vindmylla. Fjarlægð vindmylla frá loftlínunum skal vera að lágmarki samanlögð hæð turns og þvermála spaða. Fjarlægðin er því breytileg eftir vindmyllum en gert ráð fyrir að hún verði að lágmarki 200 m. Fjarlægð vindmylla frá vegum skal vera að lágmarki 150 m. Áfram er heimiluð landgræðsla á svæðinu, þar með talið lágrestur birkigróður. Heimilt er að setja upp áningarstað ásamt aðstöðu fyrir ferðafólk til dagvalar þar sem tekið er tillit til rekstraröryggis vindorkuversins. Heimilt er að gera göngu-, hjóla og reiðleiðir um svæðið. Innan svæðisins er yfirfall Sultartangalóns, stíflur og leiðigarðar Sultartangalóns. Skipulag svæðisins, meðferð úrgangs sem fellur til vegna viðhalds og endurnýjunar á rekstartíma skal útfært nánar í deiliskipulagi. Það skal einnig setja skipulagsákvæði varðandi niðurrif og förgun mannvirkja eftir því sem við á. Stærð svæðis er um 19 km ² , 1.900 ha.	Landmanna afréttur - þjóðlenda

Í kafla 2.3.1 Skógræktar- og landgræðslusvæði er eftirfarandi stefna:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásynd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásynd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Skógrækt er viðurkennd aðferð til bindingar kolefnis í jarðvegi. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruinjasrá og fornminja. Taka skal tillit til jarðmyndanna og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Í kafla 2.7.4 **Hverfisvernd** eru eftirfarandi ákvæði:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun og beitarstýringu á svæðinu.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Vanda skal til allra framkvæmda sem heimilaðar verða, ganga frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má og tryggja góðan frágang fráveitu.

HVERFISVERNDARSVÆÐI


NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD/JARÐIR
HV13	Rangárvalla- og Landmannaafréttir	Afréttarsvæðin sunnan Tungnaár. Stór samfelld svæði gosminja, víðlend hraunasvæði og eldstöðvar, þ.á.m. Hekla og Torfajökull. Ekki verður hróflað við minjum á svæðinu, s.s. gömlum vörðum eða skálum án samráðs við Minjastofnun.	Afréttur



MYND 4. Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2018. Skipulagssvæðið er innan bláa hringsins.

2.6 Deiliskipulag

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan marka Deiliskipulags Vaðölduvers (áður Búrfellslundar) sem staðfest var í B-deild stjórnartíðinda þann 28.05.2024, með síðari breytingum, dags. 5.06.2025. Um 6,7 ha af efnistökusvæðinu falla innan við skilgreind skipulagsmörk Vaðölduvers. Deiliskipulagið tekur til vindorkuvers, sunnan við Sultartangalón.



Mynd 5 Deiliskipulagsuppráttur – nýtt efnistökusvæði er innan bláa hringins.

Gerð verður breyting á deiliskipulagi Vaðölduvers þar sem umrætt námusvæði verður felld inn í skipulagið. Skipulagsmörk koma til með að breytast og heimildir fyrir efnistöku – ásamt skilmálum fyrir framkvæmdir og frágang settar inn.

2.7 Þjóðlenda

Svæðið er innan þjóðlendu. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má engin hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera raðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendlög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirrar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

2.8 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Eftir atvikum getur framkvæmdin verið háð eftirfarandi leyfum:

Sveitarfélagið Rangárþing ytra: Efnistaka er háð framkvæmdarleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdarleyfi.

Forsætisráðuneytið: Leyfi til að nýta efni innan svæðis skv. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi vegna starfseminnar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdir eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

3 HELSTU UMHVERFISÁHRIF FRAMKVÆMDARINNAR

3.1 Matsskylda framkvæmdar

Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laganna, þá fellur þessi framkvæmd í flokk B og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Búrfellslundur fór í umhverfismat framkvæmda (2015) og tók matið yfir mun stærra svæði, ekki var sérstök áhersla á námur innan svæðisins. En eftir atvikum verður vitnað til álits SLS, dags. 21 des. 2013, í niðurstöðuköflum matsins.

Eftirfarandi töflur gefa yfirlit yfir hugtök sem notuð eru við mat á einkennum og vægi umhverfisáhrifa:

TAFLA 3.1 Skilgreiningar á einkennum umhverfisáhrifa.

EINKENNI ÁHRIFA	SKÝRING
Bein áhrif	Bein áhrif sem gera má ráð fyrir að framkvæmd muni hafa á tiltekna umhverfisþætti.
Óbein áhrif	Áhrif á umhverfisþætti sem ekki eru bein afleiðing framkvæmdar. Áhrifin geta komið fram í tiltekinni fjarlægð í tíma og/eða rúmi og verið afleiðing samspils mismunandi þátta sem þó má rekja til framkvæmdarinnar. Óbeinum áhrifum er einnig hægt að lýsa sem afleiddum áhrifum.
Jákvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru til bóta fyrir umhverfið á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau séu talin verða til bóta.
Neikvæð áhrif	Áhrif framkvæmdar sem talin eru skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu riski.
Varanleg áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa til frambúðar á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. með tilliti til æviskeiðs núlifandi manna og komandi kynslóða.
Tímabundin áhrif	Áhrif sem talið er að framkvæmd muni hafa tímabundið á tiltekna umhverfisþætti, þ.e. í nokkrar vikur, mánuði eða ár.
Afturkræf áhrif	Áhrif framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti, sem líta má á að séu þess eðlis að áhrifanna hætti að gæta eftir tiltekinn tíma og að raunhæft sé eða unnt að gera ráð fyrir að hægt sé að færa í sama eða svipað horf og áður en kom til framkvæmda. Gera verður ráð fyrir að áhrifin séu afturkræf á a.m.k. tímaskala núlifandi manna en afturkræf áhrif geta einnig verið háð því að ummerki séu fjarlægð innan ákveðins tíma, t.d. ef um er að ræða áhrif á lífríki.
Óafturkræf áhrif	Áhrif sem í eðli sínu fela í sér að tilteknir umhverfisþættir verða fyrir varanlegri breytingu eða tjóni vegna framkvæmdar sem ekki er raunhæft eða unnt að afturkalla.
Samlegðaráhrif	Hér er hugtakið samlegðaráhrif bæði notað um svokölluð samvirk og sammögnuð áhrif, þ.e. um áhrif mismunandi þátta framkvæmdar sem hafa samanlagt tiltekin umhverfisáhrif eða sem jafnvel magnast upp yfir tiltekið tímabil. Þetta getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfisþátt eða tiltekið svæði.
Umtalsverð umhverfisáhrif	Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

TAFLA 3.2 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda.

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.


VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Talsverð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð jákvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið jákvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Nokkuð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, og svæðið er ekki talið vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir hluta svæðis og/eða fyrir takmarkaðan hóp fólks. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrifin eru að mestu stað-, og svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif	Engin áhrif af framkvæmd eða áætlun á umhverfispátt/-þætti.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

3.2 Umhverfisþættir

Framkvæmdin er talin hafa áhrif á eftirtalda umhverfisþætti, bæði á framkvæmdartíma og rekstartíma, og verður fjallað um þau áhrif í þessari greinargerð:

- Vistgerðir
- Fuglar
- Verndarsvæði
- Jarðmyndanir
- Fornminjar
- Ásýnd og landslag
- Samfélag
- Vatnshlot og vatnalíf

3.3 Vistgerðir



MYND 6 Vistgerðir innan áhrifasvæðis Vaðfitjanámu, skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Framkvæmdarsvæðið er skilgreint sem eyðihraunvíst skv. vistferðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Verndargildi vistgerðarinnar er lágt en finnst hún víða um land á ungum, lítt grónum hraunum og eldri hraunum þar sem gróðurframvinda er hæg vegna sandfoks.¹

Vert er að taka fram að gögnin byggja á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, en eins og þekktist þá eru nokkur óvissa í vistgerðakortinu. Vegna mats á umhverfisáhrifum Vaðölduvers (áður

¹ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/eydihraunavist>

Búrfellslundur) var gerð gróðurúttekt á svæðinu og var niðurstaðan sú að ekkert náttúrufarslega mikilvægt gróðurvistkerfi á héraðs- eða landsvísu finnst á svæðinu.

Mikilvægt fuglasvæði eru á Suðurlandsundirlendinu, Veiðivötnum og Vatnajökulspjóðgarði. Framkvæmdasvæðið sjálft er utan þeirra. Fuglalíf var rannsakað vegna mats á umhverfisáhrifum Vaðölduvers og var niðurstaða rannsóknarinnar að þéttleiki varpfugla á svæðinu var óverulegu og svæðið í heild sinni ekki talið mikilvægt búsvæði mófugla og varpfugla.

Niðurstaða

Vistgerðir á framkvæmdarsvæðinu munu verða fyrir beinu og varanlegu raski. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi. Áhrif framkvæmda á vistgerðir eru nú þegar komnar fram sökum rasks. Í áliti sínu frá 2016 telur SLS að óháð því hvaða útfærslu framkvæmdarinnar miðað er við, verði gróður á svæðinu fyrir beinum neikvæðum áhrifum vegna rasks. Hins vegar mun rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda aðeins nema litlum hluta af umfangi gróins lands innan framkvæmdasvæðisins sem er að stærstum hluta lítt eða ógróið land. Þá er til þess að líta að gróður á svæðinu er að mestu tilkominn vegna landgræðslu.

Mat framkvæmdaraðila er að áhrif framkvæmda á vistgerðir verði óveruleg.

3.4 Verndarsvæði

Eins og fram kemur í kafla 2.7.1. er nálægt svæði skilgreint undir hverfisvernd en nýtur þó sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem nútímahraun. Hverfisvernd hefur verið skilgreind á afréttarsvæðum sunnan Tungnaár – efnistökusvæðið fellur fyrir utan afmörkun þess svæðis.

Hvorki efnistakan sjálf, né geymsla á efni mun eiga sér stað innan hverfisverndaða svæðisins.

Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að óveruleg áhrif verði á verndarsvæði. Sjá umfjöllun í kafla 3.5. um jarðmyndanir sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

3.5 Jarðmyndanir

Samkvæmt jarðfræðivefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, þá er svæðið innan Búrfellshrauns sem er um 3200 ára hraun úr Bárðarbungu. Berggrunnur framkvæmdarsvæðisins einkennist því af forsögulegu basísku og ísúru hrauni myndað á nútíma. Nútímahraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraun frá nútíma þekja stóran hluta gosbeltis Íslands.

Hraunið er sandorpið og er einungis sýnilegt að takmörkuðu leyti og hefur því verndargildi hraunsins rýrnað ásamt því að svæðinu hefur verið talsvert raskað vegna mannvirkjagerðar innan iðnaðarsvæða. Óhjákvæmilega munu jarðmyndanir raskast varanlega við efnistöku en með efnistöku innan um þegar skilgreind framkvæmdarsvæði er stuðlað að vernd annarra lítt raskaða landsvæða með því að beina efnistöku á þegar raskað svæði.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er nú þegar töluvert raskað þar sem um svæðið liggja vegslóðar og háspennulínur auk þess sem svæðið liggur að Sultartangalóni og stíflu þess. Óhjákvæmilega mun þurfa

að raska jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar og munu því fylgja bein, neikvæð áhrif á þessar jarðmyndanir.

Niðurstaða

Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu koma til með að verða fyrir beinu raski á framkvæmdartíma. Jarðfræði svæðisins er vel þekkt eftir áralanga efnisvinnslu á svæðinu og þá njóta jarðmyndanir svæðisins ekki sérstakrar verndar. Vindorkuver, Búrfellslundur, fór í umhverfismat, þar sem m.a. var horft til þessa svæðis. Í áliti sínu telur Skipulagsstofnun að verndargildi jarðmyndana á framkvæmda- og efnistökusvæðum sé ekki mikið þar sem gígar og eldhraun á svæðinu eru að mestu hulin gjósku sem dylur náttúrulega ásynd þeirra. Þar er m.a. vitnað til greinargerðar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir verði óveruleg.

3.6 Fornminjar

Fornleifaskráning var framkvæmd á svæðinu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Vindorkuvers við Vaðöldu (Búrfellslundur). Hún nær til fyrirhugaðs efnistökusvæðis sem aðalskipulagsbreytingin tekur til. Engar þekktar fornleifar eru innan svæðisins.

Vert er að taka fram að farið verður eftir ákvæði 24. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, þess efnis að ef fornminjar finnast sem áður voru ókunnar, skuli skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjarnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum og óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Fulltrúum framkvæmdaraðila er kunnugt um þetta ákvæði.

Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð áform muni ekki hafa neikvæð áhrif á fornminjar.

3.7 Ásynd og landslag

Samkvæmt landsgerðaflokkun sem unnin var á landsvísu árið 2020,² þá flokkast framkvæmdarsvæðið undir landslagsgerð 4.2 *Ungt fjallendi með nútímahraunum*. Um landslagsgerðina segir „Ung hraun og fjallendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar er að finna móbergshöfðin eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður er gisinn, aðallega mosi eða gras.“

² <https://luk.skipulag.is/portal/apps/webappviewer/index.html?id=7e1030b3afc94a16b88c43065625cb3b>



Mynd 7 Horft til austurs af Brúarenda. Mynd af ja.is

Enn frekar er svæðið flokkað sem svæði 5.1.1:

„5.2.5 Þórisvatn og Hrauneyjar: Svæði sunnarlega á miðhálandinu, í um 250 til 600 m hæð yfir sjávarmáli. Landform eru flöt eða öldótt með stökum hæðum og fjöllum þegar ofar dregur. Á yfirborði eru hraun þakin sandi og vikri. Rof er mikið. Unnið hefur verið að landgræðslu á láglandari hluta svæðisins þar sem lúpínu og melgresi hefur verið sáð og birki plantað. Þess utan er gróður aðeins við ár og læki. Nokkrar vatnsaflsvirkjanir, stór miðlunarlón og háspennulínur eru innan svæðisins. Vegir liggja um svæðið auk þess sem þar eru nokkrir fjallaskálar.

Efnistaka kemur til með að hafa tímabundin áhrif á ásýnd svæðis. Áhrif á landslag á svæðinu hafa nú þegar orðið töluverð vegna eldri framkvæmda og koma viðbótaráhrif af efnistöku til með að felast í efnistökunni sjálfri og haugsetningu. Ekki er gert ráð fyrir að mikið sjáanlegt rask verði vegna efnistökkunnar sjálfrar. Efnistakan er lágt í landi við varnargarða Þjórsár og munu ásýndaráhrif ná til fárra. Framkvæmdaraðili telur að áhrifin séu tímabundin þar sem mögulegt er að aðlagja svæðið að landinu og umhverfi þess þegar efnistöku líkur.

Niðurstaða

Framkvæmdarsvæðið liggur við fjölfarnar og vinsælar ferðamannaleiðir inn á suðurhálandið. Gerð verður krafa til verktaka um snyrtilega umgengi á framkvæmdatíma og vanda frágang á efnistökusvæði að nýtingu lokinni og draga þannig úr áhrifum á ásýnd. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag verði óveruleg, tímabundin og að mestu afturkræf.

3.8 Ferðaþjónusta og samgöngur

Fyrirhugað framkvæmdasvæði og nærliggjandi svæði eru mikið manngerð, aðallega í tengslum við uppbyggingu orkumannvirkja. Í nágrenni svæðisins er að finna sjö vatnaflsstöðvar og liggja háspennu línur við svæðið. Samhliða virkjun Þjórsárvæðisins hefur átt sér stað öflug uppbygging á vegakerfinu sem kemur til með að halda áfram við áframhaldandi uppbyggingu, s.s. vegna Vaðölduvers. Framkvæmdasvæðið er staðsett í jaðri suðurlandshálendisins og eru flestir sem eiga leið þar um á leiðinni inn á hálandið eða að koma þaðan.


Fyrirhugað efnistökusvæði er við Þjórsárdalsveg. Samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar³ var meðalumferð á dag yfir árið (árdagsumferð, ÁDU) um 280 bílar árið 2024, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september (sumardagsumferð, SDU) var 440 bílar og meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember (vetrardagsumferð, VDU) var 160 bílar. Ferðaþjónustuaðilar stunda hestaferðir á svæðinu. Meðal annars er farið yfir brúna og upp á varnargarð sem er hliðin á námunni. Hestaferðir eru helst yfir sumartímann en nær að einhverju leiti yfir aðeins lengra tímabil.

Niðurstaða

Fyrirhugað efnistaka er ekki líklegt til að hafa áhrif á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu umfram það sem þegar hefur verið framkvæmt á svæðinu vegna núverandi og fyrirhugaðra orkumannvirkja. Framkvæmdaraðili telur að nýtt efnistökusvæði muni hafa óverulegar breytingar í för með sér fyrir núverandi umferð á svæðinu. Til að koma í veg fyrir að efnisvinnsla úr námunni hafi sem minnst áhrif á hestaferðir verður samráð haft á framkvæmdartíma við ferðaþjónustuaðila, eftir atvikum verður tryggt aðgengi og öryggi á leiðum og dregið úr hávaða og sjónmengun með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Framkvæmdaraðili telur því áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu og samgöngur vera óveruleg.

3.9 Vatnshlot og vatnalíf

Náman stendur við bakka Þjórsár. Tvö vatnshlot eru skilgreind í og við framkvæmdarsvæðið. Annað þeirra er grunnvatnshlotið Tungaárhraun 103-308-G. Flatarmál grunnvatnshlotsins er 1942,1 km². Magnstaða og efnafræðilegt ástands vatnshlotsins eru óþekkt og er ekkert álag skráð á vatnshlotið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að magnstaða og efnafræðileg staða þess séu góð. Á mynd er yfirlitskort sem sýnir vatnshlotið og er framkvæmdarsvæðið gróflega merkt með rauðu.




MYND 8 Útmörk grunnvatnshlotsins Tungaárhraun. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsíðu.

Efnistökusvæðið liggur upp að straumvatnshlotinu Þjórsá 2 sem hefur vatnshlotanúmerið 103-777-R. Heildarlengd þess er 30,5 km. Þjórsá er jökulá. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé mjög góð og efnafræðilegt ástand þess gott. Vistfræðilegt og efnafræðilegt

³ <https://vegasja.vegagerdin.is/>

ástand þess er óþekkt. Álag er skráð vegna vatnafræðilegrar breytinga vegna vatnsaflsvirkjana. Á mynd má sjá yfirlitskort af vatnshlotinu og er framkvæmdarsvæðið gróflega merkt með rauðu.



MYND 9 Yfirlitsmynd sem sýnir straumvatnshlotið Þjórsá 2. Framkvæmdarsvæðið er gróflega merkt inn með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsíja.

Til að meta hvort framkvæmdin kunni að hafa áhrif á vatnshlotin, er leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar fylgt um hvernig beri að framkvæma slíkt mat.

Tungnaárhraun

Vatnshlotið er fremur útbreitt og eru ýmsar uppbyggingar og framkvæmdir innan þess. Þar á meðal ýmis efnistökusvæði og virkjanaframkvæmdir. Helsta hættan sem stafar af framkvæmdinni er ef til efnamengunar kemur. Í skipulagsáætlunum og við útgáfu framkvæmdaleyfa verða settir skilmálar um að ekki sé heimilt að geyma olíur eða mengandi efni í námunni. Sé skilmálum fylgt eftir telur framkvæmdaraðili ekki hætta á að vatnshlotinu stafi hættan sökum framkvæmda. Ekki er fyrirhugað að bora eftir neysluvatni eða vera með fráveitu innan efnistökusvæðis.

Þjórsá 2

Þeir líffræðilegu gæðapættir sem eru notaðir til að meta ástand straumvatnshlota eru botnpörungar, hryggleysingar og fiskar. Ekki er talin veruleg hættan á vatnalíf, þar sem fiskgengd er lítil ofarlega í ánni. Lífríki getur þó orðið fyrir tímabundnum áhrifum á meðan efnistaka stendur yfir, einkum vegna olíumengunar eða aukins gruggs, sem getur haft áhrif á tegundir sem treysta á sjón við fæðuöflun. Efna- og eðlisefnafræðilegir þættir geta einnig raskast, en í ánni er nú þegar grugg og leir sem breytist með vatnsstöðu. Efsti hluti vatnshlotsins er nýttur sem flóða- og yfirfallsfarveg, og vatnsmagn er að miklu leyti stjórnað af rekstri vatnsaflsvirkjana í nágrenni, sem getur haft áhrif á lífríki svæðisins. Efnistaka mun þó fara fram innan varnargarðs við Þjórsá og hefur því ekki bein tengsl við farveg árinna. Því eru áhrif á vatnshlotið takmörkuð, og umfang efnistöku er ekki talið nægjanlegt til að breyta legu eða straumhraða árinna, sem er vatnsmikil jökulá með mikla endurnýjun.

Niðurstaða

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnshlot og vatnalíf á svæðinu. Grugg er nú þegar í jökulánni, mismikið og takmörkuð hættu af mengun vegna olíuleka, þar sem ekki verður um meira magn að ræða en eru á vinnuvélum og tækjum hverju sinni. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

3.10 Samlegðaráhrif

Helstu samlegðaráhrif vegna fyrirhugaðar efnistöku eru við uppbyggingu á vindorkuverinu við Vaðöldu. Unninn var umhverfismatsskýrsla vegna breytinga á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og gerð nýs deiliskipulags fyrir Vaðölduver (dags. 26. 01. 2025). Byggt er á mati á umhverfisáhrifum Búrfellslundar frá desember 2016, en tillagan var endurskoðuð til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar.

Einnig er talsvert af efnistökusvæðum staðsett ekki langt frá Vaðfitjanámu. Markmið sveitarfélagsins og Landsvirkjunar er að beina efnistöku að svæðum sem þegar hafa verið röskuð, til að vernda lítt snortin svæði og lágmarka umhverfisáhrif. Jafnframt er stefnt að því að flutningsleiðir efna verði sem stýstar. Efnistökusvæði eru að finna víða þar sem eðli og magn efnis sem fæst á hverjum stað takmarkar notkun sérstakra efnistökusvæða.

TAFLA 3.3 Möguleg samlegðaráhrif með Vaðölduveri

UMhverfisÞÁTTUR	VAÐFITJANÁMA	VAÐÖLDUVER	SAMLEGÐARÁHRIF
Vistgerðir	Óveruleg áhrif – ekki hátt verndargildi vistgerða á svæðinu.	Óveruleg áhrif – ekki hátt verndargildi vistgerða á svæðinu.	Óveruleg
Fuglar	Óveruleg áhrif – svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Áhrif vegna efnistöku tímabundin og afturkræf.	Neikvæð áhrif – búast má við auknum afföllum vegna áflugs.	Óveruleg – Efnistaka kemur ekki til með að auka afföll vegna áflugs. Áhrif eru bundin við Vaðölduver.
Verndarsvæði og ásýnd og landslag	Óveruleg áhrif – sjónræn áhrif takmörkuð frá efnistökusvæði og eru tímabundin.	Neikvæð áhrif – ásýnd vindmylla nær til óbyggðra víðerna, friðlýstra svæða sem eru vernduð á grundvelli sérstæðs landslags.	Óveruleg – Efnistaka við Vaðölduver er ekki líklegt til að hafa áhrif á verndarsvæði umfram núverandi áhrif.
Landnotkun og jarðmyndanir	Jákvæð áhrif á landnotkun – svæðið þegar raskað og nálægt notkunarstað efnis. Óveruleg áhrif á jarðmyndanir – svæðið hefur tapað verndargildi sínu.	Jákvæð áhrif á landnotkun – verið er að nota þegar röskuð svæði og nálæga við orkuinnviði. Óveruleg áhrif á jarðmyndanir – gervíggar eru ekki sýnilegir á yfirborðinu. Svæðið er töluvert raskað.	Með tilliti til samlægðaráhrifa eru áhrif á landnotkun og jarðmyndanir jákvæð. Verið er að nýta svæði til efnistöku sem er nálægt raski vegna vindorkuversins.
Fornminjar	Áhrif á fornminjar talin vera óveruleg	Engar fornminjar hafa fundist á svæðinu og engin áhrif því talin vera til staðar	Óveruleg

UMHVERFISÞÁTTUR	VAÐFITJANÁMA	VAÐÖLDUVER	SAMLEGÐARÁHRIF
Ferðapjónusta og samgöngur	Áhrif talin óveruleg - Flutningsbílar þurfa ekki að keyra langar vegalengdir og núverandi umferð ekki þung á helstu leiðum. Áhrif talin óveruleg	Neikvæð áhrif – möguleg skerðing á upplifunargildi nálægra ferðasvæða. Áhrif á umferðaröryggi bundið við framkvæmdatíma.	Samlegðaráhrif verða til staðar og þá aðallega vegna auknum umsvifum í umferð á svæðinu á framkvæmdartíma. Framkvæmdaraðili metur áhrifin vera óverulega til nokkuð neikvæð
Vatnshlot og vatnalíf	Áhrif óveruleg. Efnistaka kemur ekki til með að koma í veg fyrir að umhverfismarkmið vatnshlota náist.	Umhverfispáttur ekki metin.	Áhrif vaðölduvers á vatnshlot voru ekki metin beint. Uppbygging þess er þó ekki líkleg til að valda neikvæðum áhrifum á vatnshlot. Skilmálar eru settir í deiliskipulagi og framkvæmdarleyfi til að tryggja að umhverfismarkmiðum vatnshlota er náð.

4 SAMANTEKT

Framkvæmdaraðili telur að yfir heildina séu áhrif efnistökusvæðis óveruleg/jákvæð. Verið er að nýta svæði sem staðsett er við og að hluta til innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og stuðlar að hagkvæmri nýtingu lands og innviða. Hentug efnistökusvæði fyrir áætlaðar framkvæmdir við Vaðöldu, sérstaklega varðandi steypumöl eru í allnokkurri fjarlægð og því æskilegt ef efni fæst sem næst iðnaðarsvæði. Einnig hentar staðsetningin vel þar sem hún er í nálægð við nokkrar núverandi virkjanir, sem sparar akstur og flutnings, sé þörf á efni við viðhald þeirra. Leitast verður eftir að raska landi sem minnst og nýta slóða/vinnuvegi innan Vaðöldusvæðis til efnisflutninga í stað þess að aka með efnið um Þjórsárdalsvegi/Sprengisandsleið að uppbyggingarsvæðinu. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu og minnka kolefnispor framkvæmda á vegum framkvæmdaaðila

Í þessu ferli mun Skipulagsstofnun úrskurða um það hvort að framkvæmdin sé háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Skv. 18. gr. laga nr. 111/2021 skulu framkvæmdir gangast undir umhverfismat „þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“. Framkvæmdaraðili telur að slíkt eigi ekki við um þessa framkvæmd, henni fylgja ekki slík umtalsverð umhverfisáhrif.